

FORELDRAFÉLAG ÁLFTANESSKÓLA SKÝRSLA STJÓRNAR

2013–2014



Foreldrafélag

starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008

9.gr.

„Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið foreldrafélagsins

- Að koma á umræðufundum um skóla- og uppeldismál í samráði við skólann
- Að veita skólanum lið, svo aðstæður til náms og félagslegra starfa verði samkvæmt kröfum hvers tíma
- Að veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum
- Að koma á bekkjarfélögum í hverjum bekk innan skólans
- Að koma á samstarfi við foreldrafélög í öðrum skólum

Stjórn foreldrafélagsins 2013-2014

- **Sigrún Edda Eðvarðsdóttir**, formaður (2010-)
- **Guðríður Kristjánsdóttir**, varaformaður (2010-)
- **Ingólfur Th. Bachmann**, gjaldkeri (2012-)
- **Auður S. Arndal**, ritari (2013-)
- **Eiríkur Ágúst Guðjónsson**, meðstjórnandi (2011-)
- **Hafrún Þorvaldsdóttir**, meðstjórnandi (2012-)
- **Linda Pétursdóttir**, meðstjórnandi (2011-)

Skólaráð

Fulltrúar foreldra í skólaráði

- Jóhanna Snorradóttir, 2012-2014
- Anna María Karlsdóttir, 2013-2015
- Eiríkur Ágúst Guðjónsson, 2013

Skipunartími samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er til tveggja ára í senn.

Skoðunarmaður reikninga

- Anney Bæringsdóttir, 2011-2014

Hlutverk skólaráðs

- Samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald
- Tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans.
- Fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstaraáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær eru teknar
- Að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og almeninni velferð nemenda

Grunnstoð

- Erum formlegir aðilar að Grunnstoð sem er samstarfsvettvangur Foreldrafélaga grunnskóla í Garðabæ
- Sigrún Edda Eðvarðsdóttir formaður og Jóhanna Snorradóttir fulltrúi foreldra í skólaráði hafa setið fundi Grunnstoða og Anna María Karlsdóttir í skólaráði sem varamaður.
- Helstu verkefni Grunnstoða eru:
 - Sameiginlegur fræðslufundur 1x á ári
 - Vinna að sameiginlegum hagsmunamálum Foreldrafélaga
 - Tveir fundir með bæjarstjóra um áherslur Foreldrafélaganna í bæjarfélaginu

Helstu verkefni Foreldrafélagsins

Fyrsta verkefni stjórnar að loknum skólaslitum í júní byrjun var að gróðursetja birkitré sem var gjöf Álftanesskóla til Foreldrafélagsins



Ágúst

- Fundur með öllum umsjónarkennurum Álftanesskóla
- Ræddum hvernig við gætum hlúð enn betur að foreldrastarfinu og hlutverki bekkjarfulltrúa
- Unnið var að samantekt um hlutverk bekkjarfulltrúa sem dreift var til nýrra bekkjarfulltrúa ásamt áætlun um helstu viðburði á vegum Foreldrafélagsins

September



Foreldrarölt á Álftanesi

- Hófst 2008 en markmið röltsins er að hafa fyrirbyggjandi áhrif og gefa skýr skilaboð um sterkt og virkt foreldrasamfélag
- Foreldrarölt síðasta vetrar hófst 20.september og tók stjórn Foreldrafélagsins fyrsta röltið
- Umsjónarmenn foreldraröltsins í vetur voru Anna María Karlsdóttir og Guðríður A. Kristjánsdóttir



Fundir með bekkjarfulltrúum

- Héldum þrjá fundi með bekkjarfulltrúum þar sem farið var yfir helstu verkefni Foreldrafélagsins og hlutverk bekkjarfulltrúa
- Höfum unnið að því í vetur að skerpa betur á hlutverki bekkjarfulltrúa
- Höfum hvatt bekkjarfulltrúa til að stofna samskiptavettvang fyrir foreldra inn á Facebook til að efla samskipti og umræðu um uppeldis- og skólamál innan hvers árgangs
 - sbr. **Foreldrar 2004** barna á Álftanesi.



Október - Nóvember

Ályktun um lýsingu á lóð Álftanesskóla

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Margrét Björk Svavarsdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs

Ályktun um lýsingu á lóð Álftanesskóla

Foreldrafélag Álftanesskóla krefst þegar í stað úrbóta á algjörlega óviðunandi lýsingu á lóð Álftanesskóla og á gönguleiðum sem tengir nærliggjandi hverfi við skólalóðina.

Það mikla myrkur sem ríkir á skólalóðinni þegar dagsbirtu nýtur ekki skapar mikla hættu og þar með er öryggi skólabarna ekki tryggt, en áskilið er í 7. gr. reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða að húsnæði, lóð, aðstaða, búnaður og öll starfsemi sem börn taka þátt í á vegum grunnskóla skuli miðast við að öryggi nemenda sé tryggt.

Ástand skólalóðarinnar krefst þess að tafarlaust verði gerðar lagfæringar á lýsingunni. Koma þarf fyrir fleiri kösturum á Álftanesskóla og á íþróttamiðstöðinni. Tryggja þarf nauðsynlega lýsingu á gönguleiðum milli skólans og íþróttamiðstöðvarinnar. Bæta þarf lýsingu á aðkomuleiðum að skólanum frá Vesturtúni og Eyvindarstaðavegi. Nauðsynlegt er að lýsa upp skólalóðina norðan megin við skólann og þá innganga skólans sem þar eru. Lagfæra þarf ljósastaura og kastara sem eru til staðar. Þessar úrbætur eru það brýnar að áriðandi er að brugðist sé við án tafar.

Foreldrafélagi Álftanesskóla er kunnugt um að fyrirhugaðar eru umbætur á skólalóð Álftanesskóla. Hönnun skólalóðarinnar og umhverfis hennar til framtíðar mun Foreldrafélagið láta sig varða og koma hugmyndum sínum þar um á framfæri við bæjaryfirvöld. Ástand lýsingar við skólann þolir hins vegar ekki bið og er nauðsynlegt að bæta úr þegar í stað.

Samþykkt á stjórnarfund, 4. nóvember 2013

Fyrir hönd stjórnar Foreldrafélags Álftanesskóla,
Sigrún Edda Eðvarðsdóttir

Afrit sent á: Sveinbjörn M. Njálsson, skólastjóra

Nafnabreyting

- Formleg nafnabreyting var gerð á félaginu
- Stjórn félagsins gerði nafnabreytingu en skráð heiti félagsins var Foreldra og kennarafélag Álftanesskóla.
- Frá og með nóvember síðastliðnum er skráð heiti félagsins **Foreldrafélag Álftanesskóla.**

RSK

Fyrirtækjaskrá
Hlutafélagaskrá - Samvinnufélagaskrá - Sjálfseignarstofnanaskrá
Laugavegi 166, 150 Reykjavík
Sími: 442-1250, Fax: 442-1279

Foreldrafélag Álftanesskóla
Póstfang: Álftanesskóla
225 Álftanes

Kt: 540597-2439

Lögheimili: Álftanesskóla
225 Álftanes

Útgefið: 5.11.2013

Ísat flokkun:
94.99.9 Starfsemi annarra ótalinna félagasamtaka

Rekstrarform: Félagasamtök

Reikningsnúmer fyrir jóla- og góðgerðadaginn

- Stofnuðum sérstakan reikning vegna jóla- og góðgerðadagsins

Ályktun um markvissara og viðtækara samstarf foreldra og stjórnenda/kennara Álftanesskóla

Álftanes, 4. nóvember 2013


Efni: Samstarf foreldra og stjórnenda / kennara Álftanesskóla

Við undirrituð, fulltrúar foreldra og fulltrúi Foreldrafélags Álftanesskóla í skólaráði, sem og stjórn Foreldrafélagsins, viljum koma á framfæri ósk okkar um markvissara og viðtækara samstarf foreldra og Álftanesskóla í málefnum barna á Álftanesi.

Mikilvægi góðrar samvinnu og samstarfs dylst engum og er meðal annars áréttað í nýrri *Eineltisáætlun grunnskóla Garðabæjar* að „stuðla [skuli] markvisst að samvinnu heimilis og skóla“ (bls.2). Í ný samþykktri *Starfsáætlun Álftanesskóla fyrir árið 2013-2014* kemur fram skýr stefna skólans um gott samstarf við foreldra þar sem meðal annars á að skilgreina hlutverk og væntingar foreldra og skóla í samvinnu við foreldra.

Við tökum heils hugar undir þessi orð og þykir brýnt að skilgreina nánar hlutverk foreldra og skólans, ekki síst þegar unnið er að verkefnum eins og nýrri eineltisáætlun og reglum um notkun snjalltækja á skólatíma, málefni sem snerta óumdeilanlega foreldra jafnt sem skóla.

Þykir okkur stefnumörkun *Starfsáætlunar Álftanesskóla fyrir árið 2013-2014* sem lýtur að foreldrasamstarfi afar jákvæð og viljum við með þessari ályktun lýsa vilja okkar til viðtækra samvinnu.



Virðingarfyllt

Anna María Karlsdóttir

Eiríkur Ágúst Guðjónsson

Jóhanna Snorradóttir

F. h. stjórnar Foreldrafélagsins
Sigrún Edda Eðvarðsdóttir

Örugg netnotkun barna og unglunga

Fræðslu- og kynningarfundur 7. nóvember



- ÖRÐUM FYLGIR ÁBYRGÐ

Í tilefni Baráttudags gegn einelti í nóvember býður Foreldrafélag Álfthanesskóla í samstarfi við Elítuna öllum foreldrum/forráðamönnum á Álfthanesi á fræðslu- og kynningarfund um örugga netnotkun barna og unglunga.

KL 20.00 - 21.10	Fræðsluerindi fyrir foreldra barna í 1.-10. bekk í sal Álfthanesskóla (nemendur í 8.-10. bekk og starfsmenn Álfthanesskóla sitja fyrirlesturinn fyrir um daginn)
KL 21.10 - 21.30	Kynning á nýrri eineltisáætlun Álfthanesskóla og nýjum reglum skólans um snjalltæki



Fulltrúi á vegum SAFT-samtakanna (Samfélag, fjölskylda og tækni) mun meðal annars fjalla um siðferði á Netinu, rafrænt einelti, netboðorðin, félagsnetsiður, friðhelgi einkalífsins, netvini og stilda á stóru um kynslóðabíðið.

Til að foreldrar geti tekið við börnin sín og leiðbeint þeim um öryggi og góða hegðun verða þeir að þekkja það umhverfi sem börnin eru í dags daglega. Leiðbeiningar um „umferðsreglur“ á Netinu eru því eðlilegar hluti af uppeldishlutverkum.

Fjallað verður um Netið og nýmiðla og mikilvægi þeirra í lífi barna og unglunga. Meðal annars verður rætt um:

- Helstu notkunarleiðir og venjur barna og unglunga
- Hvað myndrænt er að hafa í huga til að netnotkun verði örugg og ástægileg
- Hvernig foreldrar og kennarar geta rætt um jafnvæði og örugga netnotkun við börn og unglunga
- Sýnkennsla á nokkrum af þeim „verkfernum“ sem ungt fólk notar
- Hvaða leiðir eru í lagi og ekki í lagi. Formspring, Snapchat og Fésbókin verða til umræðu

Fyrirlesari er Hafþór Barði Björginsson, tónstunda- og félagsmálafræðingur.

Foreldrafélagið mun bjóða upp á léttar veitingar í félagsmiðstöðinni frá kl. 19.30 í tilefni af degi félagsmiðstöðva. Áhugasamir eru hvattir til að mæta tímanlega og kynna sér starf félagsmiðstöðvarinnar áður en fræðslufundurinn hefst kl. 20.00.

Fræðslufundur 11. nóvember fyrir bekkjarfulltrúa, stjórnir foreldrafélaga og fulltrúa foreldra í skólaráðum allra grunnskóla innan Garðabæjar



Mánudaginn 11. nóvember mun Grunnstoð, standa fyrir fræðslufundi fyrir bekkjarfulltrúa, stjórnir foreldrafélaga og fulltrúa foreldra í skólaráðum allra grunnskóla innan Garðabæjar. Fundurinn verður haldinn í Flataskóla og hefst kl. 20.00.

Dagskrá:

- | | |
|---------------|---|
| 20.00 - 20.10 | Kristbjörg Ágústsdóttir, formaður Grunnstoða |
| 20.10 - 20.30 | Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður Foreldrafélags
Álftanesskóla mun segja frá því hvernig þau hafa byggt upp starf félagsins auk þess sem sagt verður stuttlega frá könnun sem gerð var meðal bekkjarfulltrúa á Álftanesi haustið 2011. |
| 20.30 - 21.30 | Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri frá Heimili og skóla mun fara yfir: <ul style="list-style-type: none">▪ Starf heimilis og skóla▪ Hlutverk bekkjarfulltrúa▪ Ábyrgð bekkjarfulltrúa▪ Góð ráð til bekkjarfulltrúa▪ Hlutverk foreldrafélaga▪ Hlutverk skólaráða▪ Boðleiðir innan skólakerfisins |
| 21.30 - 22.00 | Umræður og fyrirspurnir |

Jóla- og góðgerðadagurinn

- Héldum **jóla- og góðgerðardag 30. nóvember 2013**
- Stærsta verkefni foreldrafélagsins undanfarin 5 ár
- Markmið dagsins hefur verið að skapa vettavang í samfélaginu og leggja góðum málefnum lið
- Þau félagasamtök sem koma að undirbúningi dagsins með Foreldrafélagi Álftanesskóla og Álftanesskóla eru;
 - Lions, Kvenfélagið, Bessastaðakirkja, Rauði krossinn í Garðabæ, Skátafélagið Svanir og Garðabær.
 - Þökkum Hagkaup fyrir góðan stuðning



ALLIR
HJÁRTANLEGA
VELKOMNIR!

ADGANGUR
ÓKEYPIS!



Jóla- og góðgerðadagurinn

Álftanesi, laugardaginn 30. nóvember

í Íþróttamiðstöðinni kl. 12.00 – 16.00

Handverksmarkaður, hönnunarvörur, söluborð, kaffisala og fleira

FJÖLBREYTT DAGSKRÁ:

13.15-13.45 *Setning, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir formaður Foreldrafélags Álftanesskóla*

Ávarp, Gunnar Einarsson bæjarstjóri

Álftanesskórin flýtur nokkur lög

Veronika Heba Smáradóttir 12 ára nemandi í Álftanesskóla syngur

HraðBINGÓ Lions – veglegir vinningar



14.00-14.30 *Regina Ósk*

Flautukór 12-19 ára nemendur í Tónlistarskóla Garðabæjar (frá Álftanesi og

Garðabæ) spila nokkur lög

Birta Marín 14 ára og Sara Renee 13 ára nemendur í Álftanesskóla syngja nokkur lög

14.30 *Söguferð um Álftanesið undir leiðsögn Önnu Ólafsdóttur Björnsson (30-40 mín.),*
sætaverð 500 kr., frítt fyrir 10 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

15.00-16.00 *Ingó*

Sönglist Álftanesskóla undir leiðsögn Guðrúnar Árnýjar tekur nokkur lög

Íþróttálfurinn

Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar slær botninn í dagskrá dagsins

16.15 *Kveikt á jólatrénu, jólasveinar mæta á staðinn*

Kynnir: Sigríður Klíngenberg



Hægt er að panta sölu- og kynningarborð fyrir 28. nóv. í gegnum netfangið godgerdadagur@gmail.com.
Hvert söluborð (75cm x 3m) kostar 3000 kr. Allur ágóði af leigu borðanna rennur til góðs málefnis.


Líkarnsjóður Álftaness tekur á móti AUKApakkanum, Rauði krossinn í Garðabæ tekur á móti fatapokanum. Skátafélagið Svanir selur sigræna jólatréð frá skátunum. Kvenfélagið verður með kleinsölu.

Nemendur í 10. bekk Álftanesskóla verða með kaffisölu til styrktar útskriftarferð þeirra. Nemendur í 7. bekk verða með dekurhorn til styrktar skólaferð þeirra að Reykjum. Nemendur í 6. bekk verða með jólakortasölu. Nemendur í 4. bekk verða með tombólu, allur ágóði mun renna til góðra málefna. Félagsmiðstöðin Elítan verður opin frá kl. 13.00.

Foreldrafélag Álftanesskóla
og hin ýmsu félagasamtök á Álftanesi



Helstu verkefni nemenda og foreldra þennan dag




- Kaffisala til styrktar ferðasjóði 10 bekkjar
- 7. bekkur stóð fyrir dekurhorni
- 6. bekkur var með jólakorta- og merkimiðasölu
- 4. bekkur var með tombólu til styrktar góðgerðarmálum



Færðum skólanum bóka- og spilagjafir

- Í tilefni Jóla- og góðgerðardagsins 2013



Desember ... allt er breytingum háð ...



Febrúar

Nemendur í 4. bekk afhentu tveimur góðgerðafélögum styrk að upphæð 60.000 kr


Afrakstur fjáröflunar sem nemendur stóðu fyrir á Jóla- og góðgerðadaginn. Í tengslum við tombóluverkefni þeirra.

- Hjördís frá **Unicef** sagði að fyrir 30.000 þúsund krónur myndu þau kaupa bóluefni fyrir börn til varnar mænusótt og ormalyf. Bryndís hjá **ABC barnahjálpi** sagði styrkinn þeirra fara til skólabókakaupa fyrir börn í Úganda.
- Að gefnu tilefni má geta þess að á síðasta ári völdu þáverandi nemendur í 4. bekk **Fjölskylduhjálpi Íslands og Styrktarfélag langveikra barna** en þá söfnuðust 40 þúsund krónur.



Skólaþing Garðabæjar

- Formaður foreldrafélagsins tók þátt í **Skólaþingi Garðabæjar 10. febrúar sl.**



Frístund og gæsla á skólalóð

- Unnum með ábendingar foreldra í fyrsta bekk er snéru m.a. að frístund og gæslu á skólalóð.
- Fulltrúi úr stjórn Foreldrafélagsins ásamt fulltrúa í skólaráði og bekkjarfulltrúa í 1. bekk. áttu fundi með skólastjóra og forstöðumanni Frístundar.
- Unnið var að úrbótum.



Söfnunarreikningar nemenda

- Í lok febrúar byrjun mars var unnið að því að koma söfnunarreikningur nemenda til Foreldrafélagsins.
- Reikningar vegna skólaferða nemenda
- Unnið er að vinnureglum vegna þeirra og verða þær kynntar foreldrum og bekkjarfulltrúum næsta haust.

Mars

Öskudagur

- Héldum Öskudagshátíð í samstarfi við Félagsmiðstöðina og Álftanesskóla . 5 mars sl.
- Nemendur í 10. bekk og foreldrar þeirra komu að framkvæmd dagsins, sbr. miðasölu, veitingasölu, ofl.
- 80% af ágóða dagsins rann í útskriftarsjóð 10 bekkjar og 20% sem gjöf nemenda og foreldra til Elítunnar Félagsmiðstöðvar
- Foreldrafélagið styrkir og hefur styrkt leigu á hoppukastala þennan dag í samstarfi við Álftanesskóla

ÖSKUDAGSSKEMMTUN

Í ÍÐRÓTTAMÍÐSTÖÐ ÁLFANESS

MÍÐVÍKUDAGINN 5. MARS
KL. 1600-1800

Í BÓÐI VERÐUR:

SPÁKONUR OG SPÁMENN

DRAGAHÚS

TVÆR RISARÓLUR

HÖPPUKASTALAR

ÞRAUTABRAUT

BANDÝ

ANDLITSMÁLUN
(OKLÓKKAN 16-17)

ADGANGUR ER AÐEINS 500KR

FORELDRI Í FYLGD MEÐ BARNI FÆR FRÍTT INN

DRYKKUR OG 1 PIZZUSNEIÐ Á 500KR

DRYKKUR OG 2 PIZZUSNEIÐAR Á 700KR

10. BEKKUR FORELDRAFÉLAG ÁLFANESSKÓLA EIJTAN

Öskudagurinn 2014



Vopnabúr



Spákona



Fræðslufundur Grunnstoða

- Grunnstoð stóð fyrir fræðslufundi 24. mars í Sjálandsskóla um forvarnir fyrir foreldra



Ertu alveg viss?

Fræðsluerindi um forvarnir fyrir foreldra í Garðabæ

Haldið í sal Sjálandsskóla mánudaginn 24. mars kl. 20-22

Einelti í Garðabæ og framtíðarsýn



Jóna Sæmundsdóttir, formaður forvarnarnefndar Garðabæjar, kynnir hvað verið er að gera í eineltismálum í Garðabæ og hvað stendur til.

Þegar allir leggjast á eitt



Elísabet Gunnarsdóttir og Ásta Sölvadóttir kynna verkefnið *Jafnrétti, kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum* í Garðabæ sem verið er að vinna í Garðabæ þvert á allar stofnanir.

Ást gegn hatri—hvar liggja hætturnar?

Hermann Jónsson, faðir Selmu Bjarkar, kennir foreldrum á vefsíður og smáforrit eins og snapchat, instagram, facebook og fleira, fer yfir hvar hætturnar á netinu liggja, hvert aðráttarafl barna og unglinga er og hvað við getum gert sem foreldrar.



Gjöf til Elítunnar

- Afhentum Félagsmiðstöðinni Elítunni glæsilega myndavél að gjöf frá Foreldrafélaginu



Afhentum Líknarsjóði Álftaness peningagjöf

- Afhentum Líknarsjóði Álftaness peningagjöf að verðmæti, 225.000 sem var afrakstur jóla- og góðgerðadagsins en hlutverk Líknarsjóðsins er að veita þeim íbúum sveitarfélagsins aðstoð sem verða fyrir áföllum t.d. vegna slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra óviðráðanlegra orsaka
- Á síðasta ári nam þessi upphæð 250.000 krónum



Apríl



Páskabingó 3. apríl



- **Haldið tvisvar sama daginn**

- Í íþróttasal fyrir nemendur og foreldra í **1.- 6. bekk**
- Í hátíðarsal íþróttamiðstöðvar um kvöldið fyrir nemendur í **7.-10. bekk**

Vel heppnað og mjög góð mæting

Foreldrafélagið styrkti nemendur í 9 bekk en

- Þeir aðstoðuðu við skipulagningu og framkvæmd dagsins og sáu um:
 - Uppröðun og frágang á salnum
 - Sölu á bingóspjöldum og veitingum



Maí

Tilnefning til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2014



Tombóluverkefni 4.bekkkjar

Foreldrafélag Álftanesskóla og Álftanesskóli fengu tilnefningu til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2014



23. Tombóluverkefni 4. bekkjar
Álftanesskóla til styrktar
góðgerðarmálum
**Foreldrafélag Álftanesskóla
og Álftanesskóli**

Að stuðla að jákvæðum og góðum
verkum í samfélaginu og styrkja
samstarf barna, foreldra og kennara.

Fundur Grunnstoða með bæjarstjóra

- **Stjórn Grunnstoða átti fund 19. maí með bæjarstjóra Garðabæjar** um áherslumál Foreldrafélaganna í bæjarfélaginu.

Áherslur stjórnar Foreldrafélags Álftanesskóla voru:

- **Skólalóð**, uppbygging á leiksvæði og leiktækjum á skólalóð
 - **Lýsing** við Álftanesskóla
 - **Samkomusalur skólans** –aðstöðuleysi við skóla- og félagsstarf. Salurinn þarf að taka mið að stærð skólans og huga þarf að hljóðvist í salnum
 - **Gróðurlundur í jaðri skólalóðar** og möguleg grillaðstaða (eldstæði), útikennslusvæði
- **Starf Foreldrafélags Álftanesskóla var kynnt stuttlega fyrir verðandi foreldrum barna í 1. bekk**, þennan sama dag mánudaginn 19. maí sl.

Stjörnuver

Uppblásinn himinngeimur
Fyrir nemendur í 3. 6 og 9. bekk



Foreldrafélagið hefur styrkt þetta verkefni undanfarin ár en þetta verkefni skólans mun frestast fram á næsta haust.

Verkefni framundan

Vorleikar skólans

- Munum styrkja leigu á hoppikastala þennan dag

Gjafir til skólans

Álftanesskóla færðar myndvélar að gjöf frá Foreldrafélaginu

- Fjórar Canon IXUS 265 HS myndavélar
- 4 minniskort
- Tvær myndavélatöskur
- Einn stefnuvirkur hljóðnemi



Gjöf til Álftanesskóla og samfélagsins
okkar í Garðabæ

Hjólapumpa til styrktar öflugri hjólamenningu skólabarna á Álftanesi

- Loftpressa þessi verður staðsett við Íþróttamiðstöðina á Álftanesi



Það er von okkar að gjöf þessi komi til með að nýtast börnum, foreldrum og samfélaginu öllu og styðja enn frekar við öfluga hjólamenningu meðal skólabarna í Álftanesskóla.

